

## Áhyggjufullur afinn á Kristjánssandi, Covid og Camilla Stoltenberg

Jan Terje Voilaas er afi á Kristjánssandi (Kristinasand) í Suður-Noregi, Camilla Stoltenberg er forstjóri Þjóðarheilbrigðisstofnunar (Lýðheilsustofnunar) Noregs (Folkehelse instituttet).

Jan Terje skrifar í opnu bréfi til Kamillu: „Ég er áhyggjufullur vegna fjölskyldu minnar, sérstaklega þriggja barnabarna. Ein af ástæðum þessa er sú, að Þjóðarheilbrigðisstofnunin lýsir mRNA bóluefnunum gegn SARS [covid-19] sem „öruggum og gagnlegum.“ Samtímis staðfestir stofnunin sjálf, með stuðningi frá Hagstofunni (Statistisk sentralbyrå), gersamlega hið gagnstæða í eigin staðtölum. Hvað er lygi og hvað er sannleikur?»?

Grein afans er í alla staði áhugaverð, hann brýtur tölurnar til mergjar með samanburði langt aftur og setur þær í skilningssamhengi. Hann segir m.a.:

„Í fjórtán mánuði af nýliðnum fimmtán hefur aukin dánartíðni verið skráð. Sjö þessara fjórtán mánaða hefur dánartíðnin verið hærri en allt árið 2012. Samtals hafa 5.469 fleiri látið lífið í Noregi, borið saman við meðaltal áranna 2016 til 2020. Þetta samsvarar 10,9% aukinni dánartíðni fyrir tímabilið, tólf sinnum hærri en árið 2012. Sérhver tryggingafræðingur myndi kalla þetta tölfræðilega fásinnu, nema um væri að ræða tveggja alda stórslys.“ ...

„Mér er ekki kunnugt um, hvort þú og Þjóðarheilbrigðisstofnunin fremjið þetta af ásetningu, af hreinræktaðri djöfuls illsku, eða vegna þess, að þið eruð undir þrýstingi, að þið hafið gengið kaupum og sölum, tekið við skipunum hinna máttugu erlendis frá, eða hvort þið séuð blinduð af sjálfsblekkingu og þeim samhljómi, sem liggur til grundvallar heilabvotti sjálfra ykkar og borgaranna.“ ...

„Doktor Camilla Stoltenberg; þú ert nú aðalforstjóri þess, sem nú þegar er orðið að heilbrigðishamförum, sem ekki einvörðungu er hætt við að verði þær verstu í sögu þjóðarinnar, heldur gætu svipt fleiri lífi samanlagt en nemur öllum þeim, sem látist hafa í gervöllum hamförum og stríðum, eftir síðustu ísöld.“

Í Noregi virðist staðan vera svipuð og hér. Það skella bylgjur sjúklinga á bráðadeildum og ofurdánartíðni eykst enn. Splunkunýi íslenski sóttvarnalæknirinn yppir bara öxlum og segir þetta af völdum covid-19. Sama gera norsk heilbrigðisyfirvöld. Þetta er „pínlegt,“ svo ekki sé meira sagt.

Lýðfræðingurinn, Anders Sönstebö, segir dánartíðnitölurnar hærri, en búist hafði við, og jafnvel þyrfti að leiðrétta tölur um lífslíkur fyrir bæði kyn.

<https://steigan.no/2022/10/ogsa-hovedmediene-ma-innromme-det-flere-blir-sjue-og-dor/>

<https://steigan.no/2022/10/si-i-det-minste-unnskyld-na/>

<https://steigan.no/2022/10/rekordmange-dodsfall-i-norge-i-2022-tilsloringsforsokene-begynner/>

<https://steigan.no/2022/10/okt-dodelighet-okt-smitte-hvor-er-media/>

<https://steigan.no/2022/10/apent-brev-til-camilla-stoltenberg/>